



Stjórn Skógarbæjar  
Árskógum 4  
109 Reykjavík

**Efni: Úrsögn Reykjavíkurborgar sem stofnaðili að sjálfseignarstofnunni Skógarbæ**

Vísað er til viljayfirlýsingar Sjómannadagsráðs, Reykjavíkurborgar og Skógarbæjar sjálfseignarstofnunar í þágu aldraðra og sjúkra, dags. 22. október 2021 og auglýsingar nr. 116/2022 um staðfestingu sýslumannsins á Norðurlandi vestra á breytingu á skipulagsskrá fyrir Skógarbæ – sjálfseignarstofnun fyrir aldraðra, nr. 305/1999 með síðari breytingu, nr. 553/2020, dags. 17. janúar 2022, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda, þann 31. janúar sl.

Með bréfi stjórnar Skógarbæjar til Reykjavíkurborgar, dags. 18. febrúar 2022, hefur verið tilkynnt að Sjómannadagráð hafi nú gerst stofnaðili að Skógarbæ, til samræmis við 1. mgr. 6. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar, frá og með þeim degi að telja.

Með vísan til fyrrgreindrar viljayfirlýsingar, sbr. samþykkt borgarráðs, dags. 28. október 2021, segir Reykjavíkurborg sig hér með frá stofnaðild að Skógarbæ – sjálfseignarstofnun fyrir aldraða og sjúka - frá og með dagsetningu bréfs þessa að telja.

Um leið afturkallar Reykjavíkurborg umboð stjórnarmanna og varamanna þeirra ásamt fulltrúum í fulltrúaráði stofnunarinnar ásamt varamönnum þeirra.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Afrit:  
Sjómannadagsráð  
Brúnavegi 9  
105, Reykjavík

Afrit með tölvuskeyti:  
Ari Karlsson, stjórn Skógarbæjar.  
Ellý Alda Þorsteinsdóttir, stjórn Skógarbæjar.  
Örn Þórðarson, stjórn Skógarbæjar.  
Gunnlaugur Bragi Björnsson, varamaður í stjórn Skógarbæjar.  
Inga María Hliðar Thorsteinsson, varamaður í stjórn Skógarbæjar.  
Heiða Björg Hilmisdóttir, varamaður í stjórn Skógarbæjar.  
Gunnar Alexander Ólafsson, fulltrúaráði Skógarbæjar.  
Jórunn Pála Jónasdóttir, fulltrúaráði Skógarbæjar  
Sjöfn Ingólfssdóttir, fulltrúaráði Skógarbæjar.  
Valgerður Sigurðardóttir, fulltrúaráði Skógarbæjar.  
Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, varamaður í fulltrúaráði Skógarbæjar.  
Ellen Jaqueline Calmon, varamaður í fulltrúaráði Skógarbæjar.  
Ingólfur Hjörleifsson, varamaður í fulltrúaráði Skógarbæjar.

Borgarritari  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101, Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2022

*Efni: Tilkynning um staðfestingu á breytingu skipulagsskrár og samþykkt á því að Sjómannadagsráð gerist aðili að Skógarbæ – sjálfseignarstofnun fyrir aldraða og sjúka*

Vísað er til viljayfirlýsingar Sjómannadagsráðs, Reykjavíkurborgar og Skógarbæjar sjálfseignarstofnunar í þágu aldraða og sjúkra, dags. 22. október 2021.

Hér með er upplýst að sýslumaðurinn á Norðurlandi Vestra staðfesti meðfylgjandi breytingar á skipulagsskrá fyrir Skógarbæ – sjálfseignarstofnun fyrir aldraða, með auglýsingu nr. 116/2022 um staðfestingu sýslumannsins á Norðurlandi vestra á breytingu á skipulagsskrá fyrir Skógarbæ – sjálfseignarstofnun fyrir aldraða, nr. 305/1999 með síðari breytingu, nr. 553/2020, dags. 17. janúar 2022, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda, þann 31. janúar sl.

Þá upplýsist jafnframt að stjórn Skógarbæjar, til samræmis við samþykkt fulltrúaráðs stofnunarinnar dags. 29. október sl., hefur samþykkt erindi Sjómannadagsráðs um að gerast stofnaðili að stofnunni, samkvæmt 1. mgr. 6 gr. skipulagsskrárinnar, samkvæmt meðfylgjandi bréfi, dags. í dag.

Er Sjómannadagsráð því orðið stofnaðili að stofnuninni með þeim réttindum og skyldum sem slíkri stofnaðild fylgja.

**Stjórn Skógarbæjar**

*Súla A. Þorsteinsdóttir Þormuður  
NORN ÞORÐARSON  
TH MIA*

Hjálagt:

*Bréf Sjómannadagsráðs, dags. í dag, um að gerast stofnaðili að Skógarbæ.*

*Bréf stjórnar Skógarbæjar, dags. í dag, um samþykkt á stofnaðild Sjómannadagsráðs*

*Auglýsing nr. 116/2022 um staðfestingu sýslumannsins á Norðurlandi vestra á breytingu á skipulagsskrá fyrir Skógarbæ – sjálfseignarstofnun fyrir aldraða.*

*Fundargerð aukafundar fulltrúaráðs Skógarbæjar, 29. október sl.*

Stjórn Skógarbæjar  
Árskógum 4  
109, Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2022

Efni: Beiðni um að gerast stofnaðili að sjálfseignarstofnuninni Skógarbæ

Vísað er til viljayfirlýsingar Sjómannadagsráðs, Reykjavíkurborgar og Skógarbæjar sjálfseignarstofnunar í þágu aldraðra og sjúkra, dags. 22. október 2021 og auglýsingar nr. 116/2022 um staðfestingu sýslumannsins á Norðurlandi vestra á breytingu á skipulagsskrá með fyrir Skógarbæ – sjálfseignarstofnun fyrir aldraðra, nr. 305/1999 með síðari breytingu, nr. 553/2020, dags. 17. janúar 2022, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda, þann 31. janúar sl.

Með erindi þessu óskar Sjómannadagsráð, kt. 570269-2679, Brúnavegi 9, 104 Reykjavík, með vísan til 1. mgr. 6. gr. skipulagsskrár Skógarbæjar, að gerast stofnaðili að Skógarbæ sjálfseignarstofnun fyrir aldraðra og sjúka, kt. 530596-2739, með þeim réttindum og skyldum sem slíkri stofnaðild fylgir.

**Fyrir hönd Sjómannadagsráðs**

  


2211873189

180161-4229

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Skógarbæ –  
sjálfseignarstofnun í þágu aldraðra og sjúkra í Reykjavík,  
nr. 305/1999 með síðari breytingu nr. 553/2020.

### 1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

#### 5. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Ákveði fulltrúaráð með að minnsta kosti 75% greiddra atkvæða, að það telji sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar skal stofnunin falla með öllum eignum til ríkisins með þeirri kvöð, að hún verði áfram nýtt í þágu aldraðra og sjúkra.

#### 6. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn stofnunarinnar getur lagt til við fulltrúaráðið að fjölga stofnaðilum og þarf til þess 75% greiddra atkvæða fulltrúaráðsins og fjölgar þá fulltrúum í ráðinu í samræmi við það. Hætti einhver stofnaðili þátttöku í sjálfseignarstofnuninni fækkar fulltrúum í fulltrúaráði í samræmi við það en stofnframlag er óafturkræft.

Nú hefur nýr aðili gerst stofnaðili samkvæmt 1. mgr. og Reykjavíkurborg hættir þátttöku í stofnuninni skal þá stofnaðilinn sem eftir er fara með heimildir Reykjavíkurborgar um skipan stjórnar skv. 3. másl. 1. mgr. 3. gr. um tilnefningu stjórnar og 1. másl. 1. mgr. 4. gr. um tilnefningu fulltrúaráðs.

#### 7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði 75% fulltrúaráðsmanna falli á þann veg, enda hljóti breytingin staðfestingu sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

### 2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir, Skógarbæ – sjálfseignarstofnun í þágu aldraðra og sjúkra í Reykjavík, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 17. janúar 2022,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*

## AUKAFUNDUR FULLTRÚARÁÐS SKÓGARBÆJAR

Aukafundur fulltrúaráðs Skógarbæjar hjúkrunarheimilis var haldinn föstudaginn 29. október 2021 að Árskógum 4, 109 Reykjavík og hófst kl. 12:17. Viðstödd voru: Ari Karlsson, Ellý Þorsteinsdóttir, Örn Þórðarson, Jórunn Pála Jónasdóttir, Alexander Ólafsson R. Alda Vilhjálmisdóttir, varamaður Valgerðar Sigurðardóttur. Sjöfn Ingólfsdóttir boðaði forföll skömmu fyrir fundinn.

### Þetta gerðist:

#### 1. Setning fundar, skipan fundarstjóra og fundarritara

Ellý Þorsteinsdóttir, formaður stjórnar fulltrúaráðsins, setti fundinn. Fyrir fundinn var lögð sú tillaga að Ellý yrði skipaður fundarstjóri en Ari Karlsson fundarritari.

Samþykkt.

Til fundarins var boðað með tölvuskeyti föstudaginn 22. október sl. Fundurinn er því boðaður með viku fyrirvara til samræmis við ákvæði skipulagsskrár stofnunarinnar og er því lögmatúr til þess að taka til afgreiðslu tillögur sem bornar eru upp.

Þá var gengið til dagskrár.

#### 2. Tillaga um samþykki viljayfirlýsingar dags. 22. október 2021:

Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu til fulltrúaráðs:

*„Fulltrúaráð Skógarbæjar samþykkir viljayfirlýsingu milli Skógarbæjar, Reykjavíkurborgar og Sjómannadagsráðs, sem undirrituð var þann 22. október 2021.“*

Tillögunni fylgir eftirfarandi greinargerð:

*„Líkt og upplýst var á aðalfundi fulltrúaráðs í september sl hafa umræður staðið yfir um framtíðarrekstur stofnunarinnar og hvernig unnt væri að leysa uppsafnaða viðhaldspörf á húsnæði stofnunarinnar. Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð hafa átt í viðræðum þess efnis að Sjómannadagsráð gerist stofnaðili að stofnuninni og taki að sér að fjármagna viðhaldspörf á næstu árum. Í kjölfarið myndi Reykjavíkurborg hætta þátttöku í stofnuninni og afturkalla umboð þeirra aðila sem borgin hefur tilnefnt í stjórn og varastjórn stofnunarinnar og fulltrúaráð.*

*Aðilar hafa undirritað meðfylgjandi viljayfirlýsingu þann 22. október 2021 með fyrirvara um samþykki borgarráðs, fulltrúaráðs Skógarbæjar og Sjómannadagsráðs sem fyrir liggur á fundinum.*

*Áréttað er að með þessu verða ekki breytingar á rekstrarfyrirkomulagi stofnunarinnar enda starfar hún áfram samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár og þeim ákvæðum laga sem um gilda en að öðru leyti er vísað til framlagðrar viljayfirlýsingar og meðfylgjandi greinargerðar sem henni fylgir.*

*Er viljayfirlýsingin því borin upp til samþykktar fulltrúaráðs stofnunarinnar.“*

Samþykkt einróma.

### **3. Tillaga um samþykki fulltrúaráðs um að Sjómannadagsráð gerist stofnaðili að sjálfseignarstofnuninni Skógarbæ**

Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu til fulltrúaráðs:

*„Fulltrúaráð Skógarbæjar samþykkir með vísan til ákvæðis 1. mgr. 6. gr. skipulagsskrár Skógarbæjar að Sjómannadagsráð gerist stofnaðili að sjálfseignarstofnuninni Skógarbæ.“*

Tillögunni fylgir eftirfarandi greinargerð:

*„Á grundvelli fyrrgreindrar viljayfirlýsingar, dags. 22. október 2021, liggur fyrir vilji Sjómannadagsráðs að gerast stofnaðili að Skógarbæ og þá jafnframt vilji Reykjavíkurborgar að hætta þátttöku í stofnuninni í kjölfarið. Til þess að Sjómannadagsráð geti gerst stofnaðili þar a.m.k. 75% greiddra atkvæða í fulltrúaráði og fjölgar fulltrúum til samræmis við það að nýr stofnaðili hafi bæst við.*

*Með fyrrgreindri tillögu stjórnar er því farið þess á leit að fulltrúaráð samþykki aðild Sjómannadagsráðs að stofnuninni en tekið er fram að formleg umsókn Sjómannadagsráðs, að fengnu samþykki fulltrúaráðs þess mun ekki koma til fyrir en að ljóst sé að breytingar á skipulagsskrá stofnunarinnar sem lagðar eru jafnframt til samþykktar fulltrúaráðsins á aukafundi dags. 29. október 2021, hljóti samþykki embættis sýslumansins á Norðurlandi vestra.*

*Með samþykki samkvæmt framangreindu er því fulltrúaráð að veita fyrirfram samþykki sitt fyrir stofnaðild Sjómannadagsráðs.“*

Samþykkt einróma.

### **4. Tillaga um breytingar á skipulagsskrá Skógarbæjar til samþykktar**

Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögur um breytingar á 5. og 6. og 7. gr skipulagsskrár Skógarbæjar en tillögunni fylgir eftirfarandi greinargerð:

*„Á grundvelli viljayfirlýsingar þeirrar, dags. 22. október 2021, sem liggur fyrir milli Sjómannadagsráðs, Reykjavíkurborgar og Skógarbæjar, er fyrirhugað að Sjómannadagsráð muni gerast stofnaðili að Skógarbæ en Reykjavíkurborg muni í kjölfarið hætta þátttöku. Sjómannadagsráð mun því verða eini stofnaðilinn sem stendur að stofnuninni.*

Þær breytingar sem samþykktar voru á skipulagsskrá Skógarbæjar á fundi fulltrúaráðs þann 6. mars 2020, og staðfestar af embætti sýslumansins á Norðurlandi vestra, þann 18. maí s.á. voru gerðar í kjölfar þess að Reykjavíkurborg varð eftir útgöngu Rauða krossins og Eflingar eini stofnaðili að stofnuninni. Var því nauðsynlegt að breyta ákvæðum um skipan stjórnar og fulltrúaráðs og jafnframt var talið eðlilegt að fækka stjórnarmönnum og varamönnum þeirra í þrjá. Samkvæmt núverandi skipulagsskrá

skipar Reykjavíkurborg því alla stjórnarmenn og varamenn þeirra auk fjögurra aðila í fulltrúaráð.

Nauðsyn stendur því – muni fyrrgreind áform um breytingar á stofnaðilum ganga eftir – að breyta ákvæðum núverandi skipulagsskrár þannig að ekki sé vafi á því hvernig stjórn og fulltrúaráð verði skipað eftir að Reykjavíkurborg hefur hætt þátttöku og Sjómannadagsráð verði eini stofnaðilinn sem eftir stendur.

Tillaga um breytingu á 5. gr. skipulagsskrárinnar er gerð til þess að skýra ákvæðið en ákvæði um það að stofnaðili geti tekið við rekstri stofnunarinnar er bæði óljóst og óskýrt í framkvæmd og hvernig það væri framkvæmt. Í ljósi þess að Sjómannadagsráð verður eini stofnaðilinn sem eftir stendur þykir eðlilegt að fella þessa heimild út.

Tillaga um nýja 2. mgr. 6. gr. skipulagsskrárinnar kveður efnislega á um það að ef Reykjavíkurborg hættir þátttöku muni sá stofnaðili sem eftir er fara með heimildir Reykjavíkurborgar um skipun á fulltrúaráði og stjórn sem skipulagsskráin kveður á um. Er ákvæðið sett inn til þess að taka tvímæli af um það líkt og að framan greinir ef fyrrnefnd viljayfirlýsing kemur til framkvæmda og Reykjavíkurborg hættir þátttöku í stofnuninni og dregur til baka fulltrúa í stjórn og fulltrúaráði að þá skuli þær heimildir falla til Sjómannadagsráðs sem ber þá að skipa fulltrúaráð og stjórn.

Áréttað er að breyting á skipulagskránni þarfnast samþykkis embættis sýslumannsins á Norðurlandi vestra samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá til þess að koma til framkvæmda.

Tillaga um breytingu á 7. gr. skýrir sig sjálf og er gerð til samræmingar á orðalagi.“

Fram fara umræður.

- a) Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu um breytingu á 5. gr. skipulagsskrár Skógarbæjar:

### 5. grein

Ákveði fulltrúaráð með að minnsta kosti 75% greiddra atkvæða, að það telji sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar ~~eða hluta hennar áfram skal hverjum einstökum stofnaðila gefinn kostur á að taka við rekstri enda verði hlutverk óbreytt. Að þeim frágengnum fellur [skal]<sup>3</sup> stofnunin [falla]<sup>3</sup> með öllum eignum til ríkisins með þeirri kvöð, að hún verði áfram nýtt í þágu aldraðra og sjúkra.~~

Samþykkt einróma.

- b) Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu um breytingu á 6. gr. skipulagsskrár Skógarbæjar þannig að við ákvæðið bætist ný 2. mgr.:

## 6. grein

Stjórn stofnunarinnar getur lagt til við fulltrúaráðið að fjölga stofnaðilum og þarf til þess 75% greiddra atkvæða fulltrúaráðsins og fjölgar þá fulltrúum í ráðinu í samræmi við það. Hætti einhver stofnaðili þátttöku í sjálfseignarstofnuninni fækkar fulltrúum í fulltrúaráði í samræmi við það en stofnframlag er óafturkræft.

[Nú hefur nýr aðili gerst stofnaðili samkvæmt 1. mgr. og Reykjavíkurborg hættir þátttöku í stofnuninni skal stofnaðilinn sem eftir er fara með heimildir Reykjavíkurborgar um skipan stjórnar skv. 3. másl. 1. mgr. 3. gr. um tilnefningu stjórnar og 1. másl. 1. mgr. 4. gr. um tilnefningu fulltrúaráðs.]<sup>3</sup>

Samþykkt einróma.

- c) Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu á 2. másl. 2. mgr. 7. gr. skipulagsskrár Skógarbæjar þannig að í stað orðsins: „Stofnskrá“ komi „Skipulagsskrá“

Samþykkt einróma.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. **12:50**

Ari Karlsson  
fundarritari

Elly A. Þorsteinsdóttir

Elly A. Þorsteinsdóttir  
fundarstjóri